

Fylgiskjal með skattframtali rekstraraðila 2020 RSK 1.04

Nafn framteljanda	Kennitala
Heimilisfang	Sveitarfélag

Heiti verkefnis skv. umsókn til Rannís		Nr. verkefnis hjá Rannís
Tegund verkefnis	<input type="checkbox"/> Þróunarverkefni <input type="checkbox"/> Rannsóknarverkefni	
Stærð fyrirtækis	<input type="checkbox"/> Lítið <input type="checkbox"/> Meðalstórt <input type="checkbox"/> Stórt Skilgreiningar á stærð fyrirtækja er að finna á bakhlið.	
Opinber birting á rannsóknarverkefni	<input type="checkbox"/> Niðurstöðum verður dreift með birtingu í vísinda- eða tækniritum, á ráðstefnum, gegnum opin gagnasöfn eða í gegnum ókeypis eða opin hugbúnað.	
<input type="checkbox"/> Samstarfsverkefni	Eignarhluti framteljanda í verkefninu. <input type="text"/> %	Framteljandi skal á þessu eyðublaði tilgreina heildarkostnað við verkefnið. Athugið! Jafnframt skal skila RSK 4.22 .

Gjaldfærður styrkhæfur kostnaður skv. framtali (sbr. og greinargerð til Rannís)

Starfsmannakostnaður (eigin starfsmenn (vísinda- og tæknimenn))	kr.
Verktakakostnaður (annar en aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna skv. staðfestingu Rannís)	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af vélum og tækjum	kr.
Gjaldfærðar afskriftir af byggingum og landi	kr.
Kostnaður við rannsóknir, aðkeypt einkaleyfi o.þ.h.	kr.
Efnis- og birgðakostnaður	kr.
Annar beinn kostnaður vegna rannsóknarverkefnis	kr.
Annað, hvað?	kr.
Annað, hvað?	kr.
Samtals ▶	kr.

Aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna, sem staðfest hefur verið af Rannís

Nafn og kennitala seljanda	
Hvað vinna var keypt?	kr.
Nafn og kennitala seljanda	
Hvað vinna var keypt?	kr.
Samtals ▶	kr.

Fengnir opinberir styrkir

Nafn og kennitala greiðanda	kr.
Nafn og kennitala greiðanda	kr.
Nafn og kennitala greiðanda	kr.
Samtals ▶	kr.

Gjaldfærður styrkhæfur kostnaður

Kostnaður alls	kr.
Stofn til útreiknings á skattafslætti	kr.
Reiknaður skattafsláttur	kr.
Lækkun vegna opinberra styrkja	kr.
Reiknaður skattafsláttur	kr.
Hlutur framteljanda sem færast í reit 0988 á framtali RSK 1.04	kr.

Skýringar

Blaðið er ætlað fyrir þau félög sem eiga rétt á skattfrádrætti vegna kostnaðar sem lagt var í vegna nýsköpunarverkefna á árinu. Skilyrði er að verkefnið hafi hlotið staðfestingu Rannís, sbr. lög nr. 152/2009.

Hafi framteljandi með höndum fleiri en eitt verkefni, sem hlotið hafa staðfestingu Rannís, þarf að skila einu eyðublaði RSK 4.21 fyrir hvert verkefni.

Tilgreina þarf hvort um er að ræða þróunar- eða rannsóknarverkefni. Sérstakar reglur gilda um frádrátt vegna rannsóknarverkefna þar sem niðurstöðum verður dreift og þær birtar ókeypis og opinberlega. Auðkenna þarf þau verkefni með því að merkja á viðeigandi stað í efsta hluta blaðsins.

Samstarfsverkefni

Ef tvö eða fleiri ótengd nýsköpunarfyrirtæki standa saman að verkefni skal gera grein fyrir því á eyðublaði RSK 4.22.

Styrkhæfur kostnaður

- Starfsmannakostnaður (vísindamenn, tæknimenn og annað aðstoðarfólk sem vinnur að rannsóknarverkefninu).
- Kostnaður við tæki og búnað að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið. Ef fyrrgreind tæki og búnaður eru ekki notuð allan endingartíma sinn við rannsóknarverkefnið telst aðeins afskrifaður kostnaður, sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja.
- Kostnaður tengdur byggingum og landi, að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið, telst, að því er varðar byggingar, aðeins afskrifaður kostnaður sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og er reiknaður á grundvelli góðra reikningsskilavenja. Að því er varðar land er útlagður kostnaður við afsal eða fjármagnskostnaður, sem stofnað er til í reynd.
- Kostnaður í tengslum við samningsbundnar rannsóknir, tækniþekkingu og einkaleyfi, sem keypt eru, eða leyfi sem eru fengin frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði í viðskiptum ótengdra aðila og ekkert samráð á sér stað, sem og kostnaður vegna ráðgjafar og sambærilegrar þjónustu sem er eingöngu nýtt í tengslum við rannsóknarstarfsemina.
- Annar kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnisins.
- Annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og þess háttar sem stofnað er til í beinum tengslum við rannsóknarstarfsemina.

Aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna

Aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna telst styrkhæfur kostnaður ef vinnan er keypt af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun og er ætluð til nota í staðfestu nýsköpunarverkefni.

Skattfrádráttur

Frádrátturinn er 20% af styrkhæfum kostnaði. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti er 600 milljónir kr. vegna gjaldfærðs kostnaðar en 900 milljónir kr. samtals ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- og þróunarvinnu. Af því leiðir að skattfrádráttur framteljanda, sem færast í reit 0988 á framtali, getur að hámarki orðið 180 milljónir kr. Þetta hámark gildir um hvert fyrirtæki, hvort sem það er eigandi að einu nýsköpunarverkefni eða fleirum.

Fengnir opinberir styrkir

Ef verkefnið nýtur opinberra styrkja takmarkast skattfrádrátturinn þannig að frádrátturinn og fengnir opinberir styrkir geta samanlagt ekki orðið hærri en tiltekið hlutfall af styrkhæfum kostnaði. Hlutfallið ræðst að stærð fyrirtækis og tegund kostnaðar. Fyrir rannsóknarverkefni er hlutfallið hærri ef niðurstöðum er dreift og þær birtar ókeypis og opinberlega.

Stærð fyrirtækis Þróunarverkefni Rannsóknarverkefni Ranns./opinber birting

Lítið	45%	70%	80%
Meðalstórt	35%	60%	75%
Stórt	25%	50%	65%

Stærð fyrirtækja

Lítið fyrirtæki er með færri en 50 starfsmenn og árlega veltu undir €10 milljónum og/eða efnahagsreikning undir €10 milljónum.

Meðalstórt fyrirtæki er með 50-250 starfsmenn og árlega veltu undir €50 milljónum og/eða efnahagsreikning undir €43 milljónum.

Stórt fyrirtæki er með fleiri en 250 starfsmenn.

Greiðsla skattfrádráttar

Skattfrádráttur kemur til lækkunar á álgðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður skattfrádráttur er mismunurinn greiddur út.